




Ný útgáfa

Foreldrasáttmálinn

Foreldrasamningurinn hefur verið endurútgefinn og heitir nú foreldrasáttmálinn. Foreldrasáttmálinn hefur verið lagður fyrir í fjölmörgum skólum um allt land og í þeim samfélögum þar sem góð samstaða hefur náðst um samninginn er fólk sammála um jákvæð áhrif hans á unglíngamenninguna sem og samstöðu foreldra um að virða útivistarreglurnar svo fátt eitt sé nefnt. Samningurinn er annars vegar fyrir 1.-6. bekk og hins vegar fyrir 7.-10. bekk.

Í þessu forvarnarverkefni er m.a. bent á að foreldrar sem senda barn útsofið í skólann eru að leggja sitt af mörkum til að barnið nái æskilegum námsárangri. Einnig tekur samningurinn til eineltis, samábyrgðar og reglna um notkun á tækni eins og tölvuleikjum og aðgengi að Netinu og farsímum en í þeim málum hafa foreldrar ekki fyrirmynd og því mikilvægt að geta haft samráð um slíkt. Sáttmálinn er fánlegur á skrifstofu Heimilis og skóla.



Ég og bekkurinn minn

Verkefnið **Ég og bekkurinn minn** er ætlað nemendum á yngsta stigi grunnskólans. Efnið hentar einnig elstu börnum leikskóla. Markmiðið með verkefninu er m.a. að veita foreldrum og börnum upplýsingar um hvert og eitt barn í bekknum sem og bakgrunn þess til að stuðla að gagnkvæmum skilningi og virðingu og að skapa góðan grundvöll fyrir öflugt samstarf fjölskyldna og skólans. Í grunnskólanum mætast ólíkir menningarheimar og það er mikilvægt fyrir nemendur og skólastarfið að skólinn skilji og vinni markvisst að því að færa ólíka menningarheima nær hver öðrum. Á skrifstofu Heimilis og skóla má nálgast veggspjaldið og kennsluleiðbeiningar en þær eru einnig aðgengilegar á heimasíðu samtakanna heimiliogskoli.is



Trygging gegn litlu sjálfstrausti

Tryggingafyrirtækið Trygg-Hansa í Svíþjóð gerði könnun í lok síðasta árs hjá foreldrum barna 0-18 ára. Þar kom fram að yfirgnæfandi meirihluti þeirra eða um 80% myndi tryggja börnin sín gegn litlu sjálfstrausti ef það væri hægt. 20% myndi tryggja börnin sín gegn því að vera svikin af besta vini sínum og 19 prósent töldu það óskandi að hægt væri að tryggja börnin sín gegn ástarsorg. Nokkrir foreldrar vildi tryggja það að börnin fengju ekki unglíngabólur eða hefðu lélega knatttækni.

Þú ert það sem þú gerir á Netinu

Í tilefni af Alþjóðlega netöryggisdeginum, 12. febrúar 2008, verður efnt til nemendasamkeppni.



Þátttakendur geta unnið saman í hópum eða tekið þátt sem einstaklingar. Samkeppnin er öllum opin en miðast við aldursflokkana 5-10 ára, 11-14 ára og 15-19 ára.

Markmið samkeppninnar er að fá nemendur til þess að velta fyrir sér málefnum sem snúa að öruggri og jákvæðri notkun Netsins og annarra nýmiðla og framleiða efni sem nýta mætti til jafningjafræðslu.

Samkeppnin er tvíþætt, annars vegar landskeppni þar sem veitt verða verðlaun, bæði einstaklings og hópverðlaun, fyrir bestu verkefni í hverjum aldursflokki. Hins vegar samevrópsk samkeppni þar sem hvert land tilnefni eitt verkefni úr hverjum aldursflokki til þátttöku. Í samevrópsku samkeppninni verða veitt 6 verðlaun (sjá nánar á www.saferinternet.org).

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt geta haft samband við saft@saft.is og fengið frekari upplýsingar.